

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2017

Dreift um allt Austurland



Verkfallsvörður AFLs við eftirlit. Mynd úr safni.

Verkfall og verkban!

Boðað hefur verið til fundar hjá sáttasemjara ríkisins í deilu sjómannasambands Íslands og þar með Sjómannadeildar AFLs Starfsgreinafélags við SFS á föstudag. Á meðan stendur verkfall sjómanna áfram.

Til að tryggja að enginn fari á sjó settu útgerðarmenn verkban á vélstjóra sem ekki voru í verkfalli svo og sjómenn og vélstjóra þeirra félaga sem þegar voru í verkfalli 20. des. sl.

Þegar þetta er ritað virðist allt standa fast en upp úr viðræðum slitnaði í síðustu viku þegar aðilar fóru á ræða „stóru málin“.

Einhver árangur hafði orðið í byrjun janúar í viðræðum um fatapeninga, fæðiskostnað og fjarskiptakostnað en þegar kom að nýsmíðaálagi, mönnunarmálum og olíukostnaðarhlutdeild slitnaði aftur upp úr viðræðum.

Svo virðist sem SFS sé ófánlegt til að ganga lengra varðandi mönnunarmál en það sem náðist í samningnum sem felldur var í desember – þ.e. að unnið verði að rannsókn á vinnuöryggi og hvíldartíma á gildistíma samningsins og þá virðist nýsmíðaálagið vera botnfast – þannig að það jafngildi viðræðuslitum að taka það upp aftur.

Vonir standa helst til að unnt verði að ná árangri í hækkingu á skiptaverðshlutfalli sjómanna, þ.e. svokallaðri olíuverðshlutfalli. Kröfur sjómannasambandsins er að sá hluti aflaverðmætis sem kemur til skipta hækki úr 70% í 73% en því hafa útgerðarmenn hafnað.

Ef ekki skapast umræðugrundvöllur fyrir kjarasamningi sem á möguleika til að vera samþykktur af félagsmönnum sjómannafélaga fljótlegra blasir annað tveggja við; annars vegar að verkfallið standi í 1-2 mánuði enn og verði öllum hlutaðeigandi mjög þungbært eða hins vegar að stjórnvöld grípi inn í með lagasetningu og ómögulegt er að sjá fyrir um hver kjör sjómanna yrðu eftir slíkan gjörning.

Það er hins vegar alveg ljóst að sjómenn munu ekki samþykkja kjarasamning nema að árangur náist í viðræðum umfram þann samning sem sjómenn felldu í desember.

Það er almennt gott hljóð í sjómönnum í AFLi og baráttuhugur. Formaður Sjómannadeildar og ritari deildarinnar héldu fjóra almenna félagsfundi fyrir rösri viku og hittu um helming félagsmanna til skrafs og ráðagerða.

Molar

Lítill áhugi á félagsmannaferð

AFL Starfsgreinafélag hefur verið að auglýsa félagsmannaferð í samvinnu við Einingu Iðju á Akureyri en Eining fer nánast árlega í rútuferð um nágrennalöndin með félagsmenn. Lítill sem engin viðbrögð hafa orðið hjá félagsmönnum AFLs.

Ferðin sem um ræðir er sjö daga ferð um Lúxemborg og Þýskaland og er verð á mann kr. 225.000,-

AFL mun á næstu dögum gefa frá sér þau sæti sem félagið hafði tekið frá fyrir félagsmenn þar sem enginn félagsmaður hefur enn sem komið er bókað sæti. Hægt er að sjá nánar um ferðina á heimasíðu AFLs www.asa.is

Brot úr sögunni

Í þessu fréttabréfi leggjum við áherslu á söguna. Á næstu þremur blaðsíðum er stiklað á stóru á heimasíðu félagsins allt frá stofnun þess 2007. Valdar voru fréttir nánast handahófskennt og er víst að margar merkilegar frásagnir urðu útundan en ætlunin var ekki að skrifa einhverja heildstæða sögu heldur öllu fremur að birta „sýnishorn“.

Stiklað á stóru á heimasíðu AFLs Starfsgreinafélags

Tíu ára saga AFLs Starfsgreinafélags hefur ekki verið tíðindalaus. Félagið hefur á þessum tíma tekið á undirboðum og svindli við Kárahnjúka, staðið með félagsmönnum í gjaldþrotahrinu og efnahagshruni, háð verkföll og tugi dómsmála.

Þá hefur félagið verið bakhjarl endurhæfingarstarfsemi á Austurlandi, innleitt Virk Endurhæfingarsjóð

og þjónustu hans í landsfjórðungnum og tekið þátt í tilraunaverkefni með þjónustu við atvinnuleitendur.

Ef blaðað er í gegnum heimasíðu félagsins – en leita þarf m.a. í sarp eldri heimasíða, í gegnum þessi 10 ár – kennir margra grasa. Þess má geta að allar fréttir félagsins frá stofnun eru aðgengilegar á núverandi heimasíðu.



Frá stofnfundi AFLs 28. apríl 2007. Mynd: GG



Frá starfsdegi starfsmanna grunnskóla 2008.

2007

10.9. strax eftir stofnun AFLs 2007 stóð félagið í deilum og málaferlum við GT verktaka og fjallar heimasíðan um mútur og ógnanir sem félagsmenn AFLs máttu sitja undir. Málinu lauk að sjálfsögðu með fullnaðarsigri félagsins.

13.11. segir heimasíða félagsins: „Góður dagur í dag“ en þá stóð félagið fyrir stofnun Starfsendurhæfingar Austurlands sem starfað hefur óslitið síðan og veitt hundruðum Austfirðinga stuðning og aðstoð.

21.11. stóð félagið fyrir málþingi um sögu verkalyðshreyfingarinnar en AFL lét á haustmánuðum 2007 leita uppi og skrásetja allar heimildir sem fundust um eldri verkalyðsfélög á svæðinu. Skýrslan um heimildasöfnunina var kynnt á málþinginu.



Lettneskir starfsmenn GT verktaka komnir í öruggt skjól í Gistihúsinu Egilsstöðum með túlki sínum, Thomasi.



Grunnskólanemar fræddir um réttindi sín 2008.

2008

18.1. hélt AFL upp á 100 ára afmæli Verkalyðsfélags Reyðarfjarðar sem var eitt stofnfélaga AFLs.

1.4. mótmæltu bílstjórar á Egilsstöðum háu olíuverði og var þetta hluti mótmæla bílstjóra um land allt á vormánuðum 2008.

21.9. korter í hrun, hélt félagið Kjaramálaráðstefnu í Neskaupstað og voru meðal frummælenda þeir Guðmundur Ólafsson hagfræðingur og Illugi Gunnarsson þingmaður. Rætt var meðal annars um gengi krónunnar og upptöku evru. Í ályktun fundarins var upptöku evru sem lausn í efnahagsvanda hafnað. Fundurinn sá fyrir sér harðnandi átök og að samningar hlytu að losna vegna forsensdubrests. Fundurinn fjallaði um óðaverðbólgu og vaxtaokur en taldi allt tal um „kreppu“ ótímabært. Það átti eftir að breytast.

28.10. greinir heimasíðan frá því að fulltrúar stærstu sveitarfélaganna, AFL og VR og Starfsendurhæfing Austurlands, Þekkingarnetið og Vinnumálastofnun hafi hist til að stilla saman strengi sína í aðgerðum er snúa að stuðningi við atvinnulausa, enda fjölgaði þeim hratt þessa daga eftir bankahrunið.

7.11. var „Svartur dagur á Egilsstöðum“ en þá misstu á annað hundrað manns atvinnuna í einu er Malarvinnslan tilkynnti rekstrarstöðvun. Fjöldi undirverktaka fór einnig illa í kjölfarið og var þetta mikið áfall fyrir fjórðunginn.



AFL rak fjölda mála sem vörðudu málefni starfsmanna við Kárahnjúka. Síðasta dómsmálinu lauk 2009. Mynd: GG

2009

5.6. gerðu stéttarfélagin á Austurlandi samstarfssamning við Virk Endurhæfingarsjóð og hafa ráðgjafar sjóðsins síðan verið með starfsaðstöðu hjá AFLi Starfsgreinafélagi.

8.7. lauk síðasta dómsmáli AFLs vegna Kárahnjúkaframkvæmda en þá var Impregilo dæmt til að greiða kínverskum félagsmanni AFLs 57 milljónir auk vaxta vegna varanlegs heilsutjóns er hann varð fyrir í vinnuslysi.

17.9. opnaði AFL skrifstofur að Búðareyri 1 á Reyðarfirði í húsi sem félagið keypti rétt fyrir hrun og lét innréttu. Neðri hæð hússins fór strax í leigu til Þekkingarnets Austurlands – síðar Austurbrú – og hefur verið starfrækt öflug símenntunarmiðstöð þar allar götur síðan.

17.10. greindi heimasíða félagsins frá því að lokið væri öllum launþegamálum við Impregilo eftir Kárahnjúkaframkvæmdir en sátt náðist í síðasta málinu og þá ekki síst fyrir þann sigur sem vannst í dómsmálinu um sumarið. Impregilo áfrýjaði þeim dómi ekki og samdi um sambærilegar bætur til handa öðrum félagsmanni sem slasaðist illa í framkvæmdunum.

Þess má geta að Sjúkrasjóður AFLs aðstoðaði mennina báða fjárhagslega á meðan þessum málaferlum stóð og fékkst allur útlagður kostnaður félagsins endurgreiddur.



Trúnaðarmenn á fundi.

2010

8.2. setti félagið í gang svokallaða „Vöfludaga“ en starfsfólki félagsins var uppálagt að kaupa vöflujárn á allar skrifstofur og slá í vöflur á þriðjudagsmorgnum. Þá var atvinnulausum félagsmönnum boðið að koma í kaffi. Þetta framtak félagsins naut nokkurra vinsælda fyrstu vikurnar en svo fór að draga úr aðsókn með betra atvinnuástandi og hækkandi sól.

5.7. setti félagið í gang átak til að styðja félagsmenn til orlofs í heimasveit með útgáfu orlofsávísana í samráði við aðila í ferðaþjónustu. Mikill misbrestur varð á framkvæmdinni þannig að þessi tilraun var ekki endurtekin.

27.8. var fyrirsögn heimasíðunnar „Aldrei aftur“. Var það í tilefni ferðar starfsmannafélags AFLs en m.a. var farið til Auschwitz. Heimsóknin þangað var þungbær áminning um afleiðingar haturs og fordóma. Starfsmenn félagsins sátu að mestu hljóðir í rúttunni á leiðinni til baka á hótelið.

2011

27.1. boðuðu AFL Starfsgreinafélag og Drífandi í Vestmannaeyjum til verkfalls í fiskimjölsverksmiðjum. Ítrekað var óskað eftir stuðningi frá verkalyðsfélögunum á Þórshöfn og Akranesi án árangurs. Akranesfélagið hafði þó boðað verkfall með sömu dagsetningum en var að öðru leyti ekki samferða í samningum. Verkfallinu var aflýst rétt um það bil sem það átti að hefjast og var það mönnum þungbært. Staða til verkfallsins var talin veik, m.a. vegna skorts á samstöðu milli félaga og þar sem ekki hafði tekist að afla órofa stuðnings frá Færeyjum en við blasti að verksmiðjur þar gætu tekið við afla af íslenskum skipum.

7.3. skrifaði stjórn Orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum undir samning við Hitaveituna á Egilsstöðum um heitt vatn í sumarhúsin. AFL á 19 bústaði á Einarstöðum og í kjölfar hitaveitulagnarinnar voru pallarnir við húsin stækkaðir og heitir pottar settir upp. Vetrarnýting húsanna jókst verulega við þessar breytingar.

25.5. voru birtar niðurstöður atkvæðagreiðslna vegna kjarasamninga við SA. Léleg þátttaka var í atkvæðagreiðslum eða 30-40% nema bræðslumenn skilðu sér að mestu. Allir samningar voru samþykktir með yfir 80% atkvæða.

19.8. tók Orlofsjóður AFLs við 12 nýjum íbúðum við Mánatún í Reykjavík. Þar með voru allar orlofsíbúðir félagsins færðar í eitt hús. Íbúðirnar voru sérlega glæsilegar og mikil framför frá því sem verið hafði. Félagið er nú með orlofs eignir sínar við Stakkholt í Reykjavík og eru 18 íbúðir í stöðugri leigu eins og er og nýting yfir 90%.

29.11. kynnti félagið niðurstöður úr fyrstu viðhorfskönnun sem AFL og Eining Íðja á Akureyri létu Gallup gera fyrir sig. Allar viðhorfskannanir félagsins eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

2012

15.5. tók félagið að sér þjónustu við atvinnuleitendur á Austurlandi og tók þá að mestu yfir verkefni svæðisskrifstofu Vinnumálastofnunar. Þetta var tilraunaverkefni sem 4 félög innan Alþýðusambandsins áttu aðild að. Þegar mest var umleikis í þessu verkefni voru tveir starfsmenn ráðnir til verkefnisins á Austurlandi.

15.11. opnaði AFL orlofsvef þar sem félagsmönnum gafst nú í fyrsta sinn tækifæri til að bóka sjálfir íbúðir á „mínum síðum“ og ganga frá greiðslum. AFL lét skrifa viðeigandi hugbúnað fyrir þessa þjónustu og er sjálfvirkni kerfisins mjög mikil, eða þannig að það heldur utan um greiðslur, stofnir bankakröfur og fylgir þeim eftir og virkjar félagsskirteini félagsmanna sem lykilkort að íbúðum. Um 40% allra leiga orlofskerfisins eru nú án aðkomu starfsmanna.



AFL gerði samning við tékkneska verktakann Metrostav um vinnu við Norðfjarðargöng. Hér eru tékkneskir verkamenn með stytta af heilagri Barböru, verndara námuverkamanna, við upphaf verksins haustið 2013. Mynd: GG

2013

3.1. stóð Austurbrú fyrir fyrirlestrum um staðbundið veðurfar á Austurlandi. AFL var einn kostenda fyrirlestranna sem voru mjög vinsælir og sprengdu víðast hvar af sér húsnæðið.

25.7. sagði verktaki við bryggjumíði á Djúpavogi sig frá verkinu eftir að AFL Starfsgreinafélag hafði fundað með starfsmönnum sem ekki fengu greidd laun. Í ljós að aðbúnaður manna var til skammar. Forráðamaður verktakafyrirtækisins hafði leitt fyrri fyrirtæki sín í gjaldþrot en hafði fyrir þetta verk keypt „lítið notaða“ kennitölu – þ.e. keypt kennitölu fyrirtækis sem ekki hafði verið í rekstri í mörg ár. Ríkiskaup gekk síðan til samninga við þann sem lægst bauð – þrátt fyrir að verktakafyrirtækið ætti enga sögu í bryggjumíði heldur hefði upphaflega staðið í hellulögnum en ekki verið með starfsemi í fjölda ára eins og fyrir segir.

6.12. gerði AFL kjarasamning við tékkneska verktakann Metrostav um vinnu við gangnagerð Norðfjarðarganga. Samningurinn var í stórum dráttum samhljóða stórframkvæmdasamningi Alþýðusambandsins með örlitlum frávikum.



Frá borgarafundi á Djúpavogi eftir að tilkynnt var um lokun fiskvinnslu Vísis á staðnum og flutning starfsfólks til Grindavíkur. Mynd: GG

2014

22.1. Í mánuðinum voru umdeildir kjarasamningar til afgreiðslu en hart hafði verið tekist á um samningana í fjölmíðlum. AFL samþykkti aðalkjarasamning verkamanna og iðnaðarmanna en felldi samning verslunarmanna.

13.3. felldu félagsmenn AFLs og RSÍ nýgerðan kjarasamning við ALCOA Fjarðaál. Samningaviðræður um endurnýjadan samning stóðu síðan fram á haust þar til skrifað var undir að nýju. Sá samningur var samþykktur.

19.3. vannst stór sigur í héraðsdómi Austurlands þegar félagsmanni voru dæmdar á aðra milljón króna vegna „tvískiptra vakta“. Dómnum var áfrýjað og vannst í hæstarétti einnig. Annar dómur sem þótti merkilegur féll um verið en hann fjallaði um veikindarétt smábátasjómans.

25.4. vannst mikilvægt mál fyrir smábátasjómenn og innheimti félagið þá um 1,6 milljón króna fyrir félagsmann. Dæmt var að óheimilt væri að draga olíukostnað frá aflaverðmæti til skipta skv. smábátasamningi. Útgerðin notaði bæði kjarasamning smábáta og kjarasamning Sjómannasambandsins, þær greinar sem betur hentuðu í hverju tilviki.

5.5. velti heimasíða félagsins því fyrir sér hvort vistarbandið væri komið á aftur eftir að Vísir hf. tilkynnti um lokun vinnslunnar á Djúpavogi og jafnframt að starfsfólk gæti flutt með fyrirtækinu til Grindavíkur og fengið vinnu þar.

26.5. undirrituðu AFL, Austurbrú og Djúpavogshreppur viljayfirlýsingu um starfrækslu Frumkvöðlaseturs á Djúpavogi. Starfsemi hefur verið þar með hléum.

2015

6.3. krefst heimasíða félagsins réttlætis. Í frétt á síðunni er sagt að það stefni í harðar aðgerðir á vinnumarkaði og líklegt sé að félagið muni óska eftir heimild til verkfallsboðunar frá félagsmönnum. Á næstu vikum voru samþykktar verkfallsboðanir hjá nokkrum deildum AFLs.

27.4. greindi heimasíða félagsins frá því að mikill uppgangur væri í Verkstjórafélagi Austurlands og fjöldi manna hefði gengið í það félag, sjálfsagt til að koma sér hjá því að taka þátt í kjarabaráttu með vinnufélögum sínum. AFL Starfsgreinafélag hefur ekkert á móti Verkstjórafélaginu - en það eiga bara að vera stjórnendur í því félagi en ekki verkafólk.

29.5. voru samningar SGS og SA undirritaðir og lauk þá verkfallahrinu verkafólks. Flest meginatriði samningsmarkmiða náðust þannig að viðunandi þótti. Samningarnir voru samþykktir í allsherjaratkvæðagreiðslu. Í byrjun mánaðarins voru gerðir samningar við undirverktaka á álverslód. Tveimur mánuðum síðar gengu iðnaðarmenn í AFLi frá samningi og nýr kjarasamningur var gerður við Alcoa.

30.10. vannst sigur í Félagsdómi í máli sem AFL höfðaði gegn Fjarðabyggð til viðurkenningar á meistaráttendum tveggja félagsmanna sem vinna sem skólalíðar en eiga engu að síður að fá menntun sína metna til launa. Félagsdómur var sammála AFLi í því máli.



Frá aðalfundi 2016 á Djúpavogi.

2016

5.2. vann AFL sigur í héraðsdómi þegar Vatnajökulsþjóðgarður var dæmdur til að greiða félagsmanni 130.000 auk vaxta, vegna fjarvistaruppbótar. Málið hafði talsvert fordæmisgildi og var áfrýjað til Hæstaréttar.

9.6. heimsóttu AFL, Vinnuálastofnun og starfsmenn RSK Móðir Jörð í Vallanesi. Talsverð eftirmál urðu af heimsókninni og var AFLi m.a. hótað málaferlum. Í ljós kom að sjálfboðaliðar unnu við framleiðslustörf og var lögreglan kölluð til vegna skýrslutöku.

24.10. lögðu AFLskonur niður vinnu – bæði fjöldi félagsmanna og starfsmenn AFLs – í tilefni baráttudags kvenna. Karlpeningurinn í starfsliði AFLs átti fullt í fangi með að halda skútunni á floti þennan dag.